

Leiðsögn – félag leiðsögumanna

Stjórnarfundur 25.06..2024 Kl 20:15. Fjarfundur.

Fundinn sátu: Halldór Kolbeins (HK), formaður, Hildur Pöll Ágústsdóttir (HPÁ), Björn Júlíus Grímsson (BJG), Jens Ruminy (JR), Guðný Margrét Emilsdóttir (GME), Guðbjörn Guðbjörnsson (GG), Daði Hrólfsen (DH), Óskar Grímur Kristjánsson (ÓGK)

Dagskrá

1. Staða í samningamálum
2. Skírteini

1.Staða í samningamálum

HK gefur munnlega skýrslu um stöðu í samningamálum:

Aldís hjá ríkissáttasemjara er okkar tengiliður. Samninganefnd var skift upp í þrjá hópa, þar sem hver hópur er með sitt verkefni. Samninganefnd hefur unnið langa daga og viðræður potast áfram, þótt enn sé langt í land. Við finnum fyrir því að samninganefnd er ekki þétt og að samstaða okkar er meiri. Styrkurinn frá VR mjög mikill sem skiftir miklu í þessum viðræðum. Við erum þó ekki mjög bjartsýn og væntingum þarf að halda í hófi. Umræður eru í gangi um verktakalaun en þar er alls konar í gangi og auðsýnt að fyrirtæki leyfa sér ýmislegt. Nauðsynlegt er að koma í veg fyrir gerfiverktöku. Fyrirtæki nota sér mikið að ráða útlendinga sem vinna fyrir lág laun og erfitt er fyrir læra/vana leiðsögumenn að keppa við þá, því fyrirtæki freistast til að ráða ódýrasta vinnuaflið. Enn og aftur sjáum við nauðsyn þess að leiðsögustarfið verði leyfisskilt.

Áfram er rætt um kjarasamninga og hvert sé nauðsynlegt að stefna með hagsmuni leiðsögumanna huga til framtíðar. Eftir að samningi er náð verður farið í vinnu við að skapa framtíðarsýn og að hverju skal stefnt.

2. Félagsskírteini

HK spyr hvort við séum ekki sammála um að gefa út skírteini og að rukkað verði 1000 kr. fyrir, sem og að við köstum á milli okkar hugmyndum í tölvupóstum. Allir sammála.

Fundi slitið kl. 21:05